



Ársskýrsla Norðurlandsdeildar eystri 2018-2019

Þegar stjórn DSNE kom saman strax eftir aðalfundinn var starfsárið planað og komu margar hugmyndir að fyrirlestrum og viðburðum. Einnig var farið yfir nýlokinn aðalfund en á hann var met aðsókn. Gestur fundarins var Sandra B. Franks, formaður SLFÍ og sendum við henni kærar þakkir fyrir sitt framlag.

SLFÍ gerði myndbönd til auglýsinga, #Með hjartað í starfinu, til að trekkja að í sjúkraliðanámið og þar áttum við tvo fulltrúa þau Lísu Maríu Ragnarsdóttir og Róbert Guðnason og mega þau eiga þakkir fyrir.

DSNE sendi frá sér breytingatillögu á reglum Starfsmenntasjóðs og Starfsþróunarsjóðs SLFÍ. Í stuttu máli fjallaði tillagan um að þá breytingu að hægt verði að senda inn reikninga sem eru allt að 12 mánaða gamlir til að fá endurgreitt úr sjóðnum og að félagsmenn þurfa einungis að vera 6 mánuði samfelld í félaginu til að eiga rétt á styrkjum úr þessum sjóðum. Þessi tillaga var tekin fyrir á félagsstjórnarfundum í febrúar og var samþykkt að leggja tillögurnar fyrir stjórnir sjóðanna.

Í stjórn DSNE starfsárið 2018-2019 sátu eftirfarandi:

Hafdís Dögg Sveinbjarnardóttir formaður til 2021
Kristín Helga Stefánsdóttir gjaldkeri til 2021
Freydís Anna Ingvarsdóttir varaformaður til 2021
Bergóra Heiðbjört Bergþórsdóttir ritari til 2019
Harpa Hlín Jónsdóttir meðstjórnandi til 2019
Ingibjörg Ósk Helgadóttir varamaður til 2019

Kjörstjórn (3 aðalmenn, kjörtími 1 ár)

Guðrún Ásdís Ásmundsdóttir
Ragna Kolbrún Ragnarsdóttir
Freydís Anna Ingvarsdóttir

Skoðunarmenn reikninga (2 aðalmenn, kjörtími 1 ár)

Anna Lilja Björnsdóttir
Ingibjörg Ingadóttir

Gestur fundarins var Sandra B. Franks, formaður SLFÍ.



Frá aðalfundir 2019

Á þessu starfsári hefur stjórn DSNE fundað formlega tvisvar sinnum en margir fundir hafa farið fram á netinu vegna anna stjórnarmanna. Einn formlegur fundur með trúnaðarmönnum deildarinnar var haldinn en trúnaðarmenn mættu einnig á tvo trúnaðarmannaráðsfundi sem voru haldnir í Reykjavík. Deildin á 14 aðaltrúnaðarmenn.

26.nóvember var Evrópudagur sjúkraliða.

Þá hittumst við á Hlíð og fræddumst um framtíðina með spákonunum Jónu Friðriksdóttir og Aðalheiði Ólafsdóttir. Alltaf góð stemming á svona viðburðum. Gæddum okkur á veitingum og andlegri upplýftingu frá hvor annari.

15.janúar var fyrirlestur með Gísla Kort.

Þar fræddi Gísli okkur um samskipti, núvitund og kulnun þar og að vanda var gaman að hlusta á Gísla.



Stikkorð kvöldsins var:
Vertu hamingjusöm eða hafðu rétt fyrir :)



Mars

Mín framtíð 2019, Íslandsmót í Verk- og iðngreinum og framhaldsskólakynning var haldið dagana 14. - 16. mars.

Undanfarin ár hafa sjúkraliðanemar frá nokkrum skólum keppt í hjúkrun og eigum við tvo sigra á þessum mótum. Í ár var ekki góð þátttaka í keppninni svo félagið var með kynningu á sjúkraliðastarfinu og boðið var upp á ýmsar mælingar. Einnig var dreift pappírspokum með logoinu okkar með smá glaðningi í. Sjúkraliðar sáu um þessar kynningu og unnu ötult starf í þágu stéttarinnar.

Sandra Franks, formaður SLFÍ og Gunnar Gunnarsson, framkvæmdastjóri félagsins, komu 28. mars og funduðu á Akureyri, Dalvík og Húsavík. Fundarefnið voru komandi kjarasamningar, mjög góð mæting á alla fundina. Stjórnin kom að skipulagningu þessara funda.

4. apríl

Þá fórum við Bergþóra og Krístín Helga með kynningu í VMA á félaginu og deildinni til sjúkraliðanema.

Deildin tók að sér þrif í Holtalandi 7 sem fjáröflun fyrir deildina og mættu þar nokkrar galvaskar konur í þrif.

3.mái

Fórum við í vorferð til Húsavíkur. Fórum með rútu sem lagði af stað frá Dalvík og keyrði okkur á Húsavík. Þar byrjuðum við á pizzahlaðborði á Hótel Húsavík, fórum svo í sjóhöðin, nutum þar góðra stunda og horfðum á sólsetrið. Yndisleg ferð í alla staði.



Þátttakendur í vorferð til Húsavíkur



7.maí

Þá var 28. fulltrúafundur félagsins haldið í Reykjavík og þar átti deildin þrjá fulltrúa sem tóku virkan þátt í störfum þingsins.

Útskrift sjúkraliðanema

25.maí útskrifuðust 3 nemar og í desember útskrifuðust 6 nemar frá VMA og færði deildin þeim rósir og bækling í tilefninu.

Samkvæmt félagaskrá Sjúkraliðafélags Íslands þann 31. desember 2018 voru félagsmenn Norðurlandsdeildar - eystri 213 talsins.

F.h. stjórnar DSNE,
Hafdís Dögg Sveinbjarnardóttir, formaður.